



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Til framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana
og skólameistara framhaldsskóla

Arnarhvoll 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík 20. maí 2005

Tilvísun: FJR05040037/213/ÁLL/--

Kjarasamningur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu var undirritaður 18. mars 2005. KJÖLUR er nýtt stéttarfélag og þau félög sem standa að því eru sem hér segir:

Starfsmannafélag Akureyrarbæjar,
Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum,
Starfsmannafélag Borgarbyggðar,
Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar og
Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar.

Í nýgerðum kjarasamningi var 17. kafli fyrri samninga felldur á brott en ákvæði hans voru svohljóðandi:

17.1 Tækniþróun, fráfall maka eða barns


17.1.1 Þeim starfsmönnum sem eru fjarverandi vegna tækniþróunar, verði greidd dagvinnulaun og eftir atvikum vaktaálag skv. reglubundinni vaktskrá, eins og vegna veikinda barns, í 15 vinnudaga. Aðeins er heimilt að greiða hverjum starfsmanni laun á þessum forsendum einu sinni. Starfsmaður verður að skila vottorði frá viðkomandi lækni sem framkvæmir tækniþróunina eða þeim lækni sem sendir starfsmanninn í þessa aðgerð en þá verður það að koma fram á vottorðinu að um slíka ákvörðun sé að ræða.


17.1.2 Við fráfall maka eða barns skal starfsmanni heimiluð allt að tveggja vinnuvikna fjarvist frá vinnu án skerðingar launa.

Fjármálaráðuneytið telur að þrátt fyrir að umræddur kafli hafi verið felldur brott úr kjarasamningnum sé eðlilegt að tekið sé á ofangreindum þáttum í starfsmanna- og fjölskyldustefnu hvernar stofnunar. Því beinir ráðuneytið því til forstöðumanna að taka slíkt til skoðunar enda leiði það ekki til

kostnaðarauka umfram það sem verið hefur.

F.h.r.


Gunnar Björnsson


Ásta Lára Leósdóttir

Afrit sent:

Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu

Fjársýsla ríkisins

MÓTTEKIÐ

25. maí 2005

KJÖLUR